

Afbrotatölfræði 2018

1. janúar—31. desember 2018

Bráðabirgðatölur

Útgefið af:

Ríkislögreglustjóri

<http://www.logreglan.is>

Útgefið í janúar 2019

Skjal uppfært 23.1.2019




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI


Umsjón:

Ríkislögreglustjóri – Rannsóknir og þróun

Bráðabirgðatölur um fjölda skráðra afbrota á landsvísu hjá lögreglu á árinu 2018. Í úttektinni eru tölur síðustu ára staðfestar tölur¹ en tölur fyrir árið 2018 bráðabirgðatölur². Um er að ræða hegningarlagabrot, umferðarlagabrot³ og sérrefsilagabrot. **Hegningarlagabrot** voru 12.338 og fjölgaði lítillega á milli ára eða um 3% (6% miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan). Hegningarlagabrotum hefur fjölgað lítillega ár frá ári síðan árið 2016 þegar þau voru 11.225. Í stærsta undirflokknum, auðgunarbrotum fjölgar innbrotum árið 2018 um 25% en á sama tíma fækkar hnupli og þjófnaði á gsm sínum mikið eða um 36%. **Sérrefsilagabrot** voru 6.140 og fjölgar milli ára um 9% en um 26% þegar borið er saman við meðaltal þriggja ára þar á undan. Fjölgun er í mörgum undirflokkum, m.a. því að fyrirmælum lögreglu sé ekki hlýtt (19. gr. l.nr. 90/1996) (úr 260 í 298) og brotum gegn lyfja – og lyfsöslulögum fjölgar (úr 417 í 463). Árið 2018 voru **umferðarlagabrot** 78.234. Hraðakstursbrot voru 61.282 og þar af voru 45.579 tekin á sjálfvirkar stafrænar hraðamyndavélar eða um 74% sem er aðeins lægra en árið á undan þegar það var 77%.



Myndir 1-2. Fjöldi brota árin 2005 til 2018 eftir brotaflokkum og *aukning/fækkun árið 2018 miðað við meðaltal 2015-2017.




Mynd 3*. Fjöldi brota árin 2015-2018 eftir brotaflokkum og fjölgun/fækkun árið 2018 miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

1. Tölur um fjölda brota árin 2005-2017 eru teknar úr afbrotatölfræðiskýrslum ríkislögreglustjóra, sjá: <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/stadfestar-tolur/arlegar-uttekktir/>
 2. Tölurnar fyrir árið 2018 voru teknar út 04.01.2019 úr málaskrárkerfi lögreglu. Miðað er við dagsetningu skráningar brots, þ.e. öll brot sem skráð voru árið 2018 eru talin, burtséð frá því hvenær brotið átti sér stað.
 3. Fjöldi umferðarlagabrota ræðst annar vegar af frumkvæðisvinnu lögreglu og hins vegar af virkni stafrænna hraðamyndavéla sem getur verið breytileg. Nánari tölfræði um stafrænar hraðamyndavélar má sjá á vefsíðu ríkislögreglustjóra: <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/fraedilegar-rannsknir/adrar-rannsknir/>

*Skjal uppfært 23.1.2019 (mynd 3).


Fjöldi brota á íbúa

Þegar fjöldi hegningarlaga brota er skoðaður eftir lögregluembættunum nýu má sjá að um 81% þeirra voru skráð hjá umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og þar á eftir 5,6% á Suðurnesjum, sjá mynd 4.



Mynd 4. Fjöldi hegningarlaga brota eftir lögregluembættum.

Á mynd 5 má sjá fjölda hegningarlaga brota á hvern íbúa, þ.e. miðað við mannfjölda í hverju umdæmi fyrir sig. Árið 2018 voru flest hegningarlaga brot á hverja 10 þúsund íbúa skráð á höfuðborgarsvæðinu eða 425 brot. Það er samþæringlegt og árið áður. Mest hlutfallsleg aukning milli ára á hvern íbúa var á Austurlandi og á Norðurlandi vestra. Hlutfallslega var mest fækkun hegningarlaga brota á hvern íbúa á Suðurnesjum og Suðurlandi.



Mynd 5. Fjöldi hegningarlaga brota á hverja 10 þúsund íbúa⁴ árið 2018, greint eftir lögregluembættum.


4. Mannfjöldatölur miða við 1. janúar ár hvert.

* Bráðabirgðatölur

Fíkniefnabrot og magn fíkniefna

Þegar 2018 er borið saman við 2017 má sjá að heildarfjöldi fíkniefnabrota⁵ jókst lítillega milli ára eða um 5% en um 15% þegar litið er til meðaltals síðustu þriggja ára.

Þegar litið er til samanburðar á undirflokkum árið 2018 miðað við meðaltal árána 2015 til 2017 má sjá að brotum hefur fjölgað hlutfallslega mest í tveimur flokkum. Það eru varsla og meðferð fíkniefna og framleiðsla fíkniefna.



Mynd 6. Fjöldi fíkniefnabrota árin 2015 til 2018 eftir brotaflokkum og fjölgun/fækkun árið 2018 miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

Magn fíkniefna

Haldlagt var töluvert meira magn af maríjúana í færri málum árið 2018 heldur en 2017. Þar munar mestu um stóra framleiðslu þar sem haldlögð voru yfir 17 kg. af efninu.

Töluvert minna magn var haldlagt af amfetamíni árið 2018 en árið á undan en fleiri e-töflum þegar horft er á þær í stykkjatali. Minna var haldlagt af kókaíni en árið 2017 en þá var sérstaklega mikið tekið af því efni. Magnið af kókaíni var töluvert meira árið 2018 en árin fyrir 2017.

Tafla 1. Fíkniefni sem lagt var hald á af lögreglu og tollgæslu árin 2013 til 2018 .

Fíkniefni	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Hass (g)	680	1.329	9.353	6.097	24.337	11.685
Kannabíspöntur (stk.)	6.669	4.065	4.094	3.232	5.033	5.173
Kannabíspöntur (g)	47.512	12.914	7.221	12.805	19.997	22.517
Maríjúana (g)	32.871	63.571	52.049	43.874	34.070	71.937
Kannabíslauf (g)*	47.241	21.440	49.036	30.008	39.062	34.891
Kannabísstönglar (g)*	7.831	3.260	11.991	12.815	11.541	5.101
Amfetamín (g)	34.189	4.784	32.849	9.838	13.588	4.708
Methamfetamín (g)	81	105	343	1.014	518	72
Kókaín (g)	2.535	1.736	9.738	8.035	26.924	18.583
E-töflur (g)	116	149	11.003	2.059	4.593	963
E-töflur (stk.)	14.824	1.454	213.660	2.258	2.699	7.815
Heróín (g)	1	0	0	0	9	28
LSD (stk.)	115	2761	741	427	1.021	427

*Bráðabirgðatölur 07.01.2019

Athuga skal að eitt eða fleiri stór fíkniefnamál geta haft mikil áhrif á heildartölur þess árs sem málið kemur upp. Í þessari úttekt kemur styrkur efna ekki fram.

5. Stórfelld fíkniefnabrot meðtalin.

6. Bráðabirgðatölur miða við magn sem hefur verið vigtað þegar úttekt gagna fór fram.

